

Hveragerðisbær
Sunnmörk 2
810 Hveragerði

Reykjavík 10. september 2018
UST201808-126/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Hlíðarhagi í Hveragerðisbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar sem barst 16.ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi sem nær til reitanna „ÍB5-Hlíðarhagi” og „AT4-Vatnstankur”, sbr. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er u.þ.b 2,3 hektarar að stærð og afmarkast af íbúðarbyggð í Laufskógum til suðurs af Breiðamörk til austurs og norðurs af Hamrinum til vesturs. Svæðið nær til íbúðarsvæðisins ÍB5 og athafnasvæðisins AT4 sbr. Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017- 2029.

Í greinargerð kemur fram að svæðið liggur á milli tveggja hverfisverndaðra svæða, annars vegar Hamarsins (HV2) og hins vegar Varmár (HV1). Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem fjallað er um Hamarinn segir m.a.: „*Huga þarf að því að tré sem er í hlíðum Hamarsins hylji ekki klettabrúnir hans er tímar líða*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að trjáplöntur á skipulagssvæðinu muni ekki hafa áhrif á landslagsheild Hamarsins.

Umhverfisstofnun bendir á að Varmá er á náttúruminjaskrá og er nr. 751.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess, þar sem að Hveragerði er staðsett á virku jarðskjálfta- og jarðhitasvæði, að það komi fram jarðfræðilegar aðstæður á uppdrætti og í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að sýna ætti gangstétt á uppdrætti sem fylgir Breiðamörk til að sýna leiðir gangandi vegfarenda til og frá svæðinu.


Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir, að fella byggingar að landslaginu eins og hægt er, svo að ásýnd svæðisins haldist.

Umhverfisstofnun bendir að lokum á að nýta mætti núverandi slóða sem aðkomuveg inn á skipulagssvæðið til að forðast eins og kostur er rask á gróðri.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur